

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 419/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 18. nóvember 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 27. febrúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 16. mars 2026.

Málsatvik.

Í málskoti krefst M þess að viðurkennd verði greiðsluskylda V úr ábyrgðartryggingu X vegna afleiðinga slyss, sem hún varð fyrir í starfi 14. desember 2023. Byggir M á því að málsatvik hafi verið þau að hún hafi verið á leið úr vinnu sinni á hóteli X en þegar hún hafi stigið út um hurð hafi hún fallið ofan í skurð og slasast. Framkvæmdir hafi staðið yfir á útisvæði hótelsins sem ekki hafi verið búið að girða af. Afleiðingar slyssins hafi verið þær að M hafi fótbrotnað og fengið skurð á höku. Hafi hún af þeim sökum verið metin til 10 stiga miska. Þá kemur einnig fram í fyrirbyggjandi matsgerð að M hafi verið óvinnufær frá slysdegi til 24. apríl 2024. Hvað meinta skaðabótaábyrgð X varðar þá bendir M á að X hafi ekki tilkynnt slysið til Vinnueftirlitsins eins og því hafi borið sbr. 79.-81. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Telur M að sú vanræksla eigi að leiða til þess að X verði látið bera hallann af skorti á upplýsingum sem hafa áhrif á sakarmat. Vísar M m.a. í Hrd. í máli nr. 272/2008 því til stuðnings. Því verði að leggja frásögn M til grundvallar enda hafi M verið óvinnufær frá slysdegi til 24. apríl 2024. Telur M að slysið verði rakið til vanbúnaðar á vinnustað. Í því sambandi vísar M m.a. til 13. og 42. gr. framangreindra laga og 4. mgr. 3. gr., 5. mgr. 39. gr. og 1. mgr. 41. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Þessu til viðbótar byggir M á því að á X hafi hvílt rík aðgæsluskylda sem eiganda og umráðamanns fasteignar til að tryggja að ekki stafaði hættu af ástandi hennar. Því til frekari stuðnings vísar M til fræðiskrifa og Hrd. í málum nr. 536/2012 og 433/2010. Þá mótmælir M þeirri fullyrðingu V að viðvörunarmerki hafi verið á umræddri hurð og að hurðin hafi verið læst til að koma í veg fyrir að starfsfólk færi þar í gegn. Bendir M á að hún hafi ávallt notað þessa hurð þegar hún hafði lokið vakt sinni og ekki fengið neinar upplýsingar um að það væri óheimilt. Til viðbótar mótmælir M því að það hafi verið bannað að nota heyrnartól á svæðinu.

Í athugasemdum V er því hafnað að X beri skaðabótaábyrgð á slysi M. Bendir V m.a. á að framkvæmdir hafi verið í gangi fyrir utan hótelið er slysið varð. Hafi þær framkvæmdir staðið yfir síðan um mitt ár 2023 og gröftur í portinu, þar sem hin umrædda hurð sé, hafi hafist í nóvember 2023. Þá hafi hurðin verið læst og viðvörunarmiðar á tveimur tungumálum settir á hana. Hurðin hafi því ekki verið notuð um nokkurt skeið áður en slysið varð. Áður hafi hurðin verið notuð til að fara út með rusl og fleira vegna þrifa. Vísar V m.a. í þessu sambandi til fyrirbyggjandi ljósmyndar af viðvörunarmerkingunum sem hafi verið á hurðinni. Þær viðvaranir hafi bæði verið á ensku og pólsku. Á pólsku segi: „Proszę zachować ostrożność ze względu na prace remontowe i nierówności terenu (dziura za drzwiami).“ sem þýði á íslensku: „Vinsamlegast farið varlega vegna framkvæmda og ójafns undirlags (hola fyrir aftan hurðina).“ Á ensku segi: „Be aware of the construction outside – there is a hole in the ground.“ Þá bendir V á að slysið hafi orðið um kl. 14 að vetri til og því verið bjart úti. Umræddar framkvæmdir hafa því verið vel sjáanlegar í dagsbirtunni. Þessu til viðbótar vísar V í fyrirbyggjandi myndband sem sýni tildrög slyssins. Er tekið fram að á myndabandinu, sem byrji kl. 14:11:34, sjáist að þá sé M komin að hurðinni. Klukkan 14:11:44 glitti í dagsbirtu svo þá hafi dyrnar verið opnaðar. Telur V að þetta sýni fram á að M hafi staðið við hurðina í að minnsta kosti 10 sekúndur áður en dyrnar voru opnaðar. V, sem vísar einnig til þess að M hafði unnið hjá X síðan 2. júlí 2023, telur að henni hafi átt að vera vel ljóst að framkvæmdir væru í gangi. Einnig hafi M átt að vera ljóst að ekki ætti lengur að nota þessar dyr, enda hafi þær ekki verið notaðar um nokkurt skeið áður en slysið varð. Allt starfsfólk X hafi verið vel meðvitað um að ekki ætti að notast við umrædda hurð þar sem framkvæmdir voru í gangi fyrir utan. Þess vegna hafi hurðin verið læst og viðvörunarmiðar á henni, sem bannaði starfsfólki að nota hana. Hafi þeir miðar verið vel sjáanlegir. Þá hafi M í umrætt sinn verið með heyrnartól á höfðinu og vírst utangátta. Hafi af hálfu X verið rætt við M áður en slysið gerðist um að hún gæti ekki verið með

heyrnartól á svæðinu þar sem hún þyrfti að heyra í samstarfsfólki, vera meðvituð um umhverfi sitt og meiri hætta væri á slysum ef hún væri með heyrnatólin á sér. V bendir einnig á að engin önnur slys hafi orðið í tengslum við þessar framkvæmdir svo X viti til. V telur framangreint sýna að X hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi. Þvert á móti telur V að X hafi gripið til þeirra ráðstafana sem með sanngjörnu móti verður ætlast til af honum. Hafði X gert starfsmenn meðvitaða um framkvæmdirnar og sett upp viðvörunarmiða sem skýrlega voruðu fólk við að fara út um dyrnar. V telur á hinn bóginn að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að fara gegn almenntri skynsemi, virða að vettugi viðvörunarmerkingar á hurðinni og fyrirmæli sem allir starfsmenn hafi fengið um að nota ekki þessar dyr til að fara inn og út úr húsinu. Umræddar framkvæmdir hafi auk þess verið vel sjáanlegar í dagsbirtunni og hefði M því að mati V vel getað séð að framkvæmdir væru í gangi fyrir utan dyrnar áður en hún steig út um þær ef hún hefði sýnt venjulega varkárni.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri rök ítrekuð. Þá er því mótmælt að hurðin hefði ekki verið notuð um nokkurt skeið áður en slysið varð og að viðvörunarmiðar hefðu verið settir á hana. Þetta sé rangt. Hið rétta sé að M hafi gengið út um þessa hurð eftir vakt á hverjum degi fyrir slysið. Þá hafi sú hola sem M féll í ekki verið til staðar dagana fyrir slysið og M því ekki haft neina ástæðu til að ætla að breytingar hefðu orðið á svæðinu. Þegar slysið varð hafði hins vegar verið búið að grafa um tveggja metra djúpa holu, fyulla af drasli og gleri, beint fyrir utan hurðina. Fyrir liggi að M hafi verið einstaklega heppin að ekki fór enn verr, með hliðsjón af dýpt holunnar og þeim hættulegu efnum sem þar hafi verið. Þá hafi enginn viðvörunarmiði eða aðvörun verið sett á hurðina á þessum tíma. Hefði X auðveldlega getað fært sönnur á þetta ef slysið hefði verið tilkynnt án tafar til Vinnueftirlitsins, enda hafi M orðið óvinnufær strax eftir slysið og því hafi X borið lagaleg skylda til að tilkynna atburðinn. Þá er bent á að þó það hafi verið dagsbirta og M hafi staðið við hurðina sé ekki unnt að jafna því við að hún hefði átt að gera sér grein fyrir holunni, enda hafi ekki verið fyrir hendi nein aðvörun um hættuna. M hafi því ekki átt von á slíkri hættu þar sem hún hafði notað þessa sömu leið daglega. Einnig áréttar M að það sé ekkert óvanalegt við það að hún hafi verið með heyrnartól. Hún hafði lokið vaktinni og verið á leið heim. Þá breyti það ekki þeirri staðreynd að engar aðvaranir hafi verið á svæðinu og M því ekki haft ástæðu til að búast við djúpri holu beint fyrir utan útganginn.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Í tilvikum vinnuslysa getur þó sú tilkynningaskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða atvika lýsing ber að leggja til grundvallar við mat á því hvort um saknæma háttsemi hafi verið að ræða.

Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir eftirfarandi: „Atvinnurekandi skal án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitin eigi síðar en innan sólarhrings.“ Ekki virðist ágreiningur um það í málinu að M hafi verið óvinnufær í talsverðan tíma frá og með slysdegi. Nefndin telur því liggja fyrir að X hafi borið að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins í samræmi við framangreint ákvæði laga nr. 46/1980, sem ekki var gert. Það leiðir til þess að mati nefndarinnar að X ber hallann af sönnunarskorti að því marki sem ágreiningur er um málsatvik og aðstæður á vinnustað á slysdegi. Því ber eins og málið liggur fyrir nefndinni að leggja frásögn M hvað varðar framangreint til grundvallar. Það þýðir með öðrum orðum að það telst ósannað í málinu að á umræddri hurð hafi á slysdegi verið að finna viðvörunarmiða og að M hafi átt að vera ljóst að ekki ætti lengur að nota þessar dyr, enda hafi þær ekki verið notaðar um nokkurt skeið áður en slysið varð. X verður því látið bera halla af sönnunarskorti um framangreint. Þá telur nefndin einnig að X hafi ekki tekist að sanna að jafnvel þó M hafi stöðvað í allt að 10 sekúndur við hurðina áður en hún opnaði hana og gekk út hafi hún mátt sjá að aðstæður fyrir utan væru breyttar og því hættulegri en hún hafi áður mátt reikna með. Í þessu sambandi byggir nefndin einnig á, samanber það sem áður hefur komið fram um að frásögn M verður lögð til grundvallar í málinu, að M hafi haft það fyrir vana að nota umrædda hurð er hún yfirgaf vinnustaðinn í lok vinnudags. Nefndin hefur því komist að þeirri niðurstöðu með vísan í framangreint, ekki síst þær sönnunarreglur sem gilda í

skaðabótamálum, að slys M verði rakið til ófullnægjandi aðstæðna á vinnustað, nokkuð sem X verður að bera hallann af. Því á M rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V að því marki sem hún getur sýnt fram á tjón.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 19. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildgunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir